

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 206/2014

2014/EES/23/57

frá 4. mars 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 601/2012 að því er varðar hnatthlúnunarmátt annarra gróðurhúsalofttegunda en koltvísyrings (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 ⁽²⁾ er hnatthlúnunarmáttur annarra gróðurhúsalofttegunda en koltvísyrings ákvarðaður.
- 2) Með ákvörðun 15/CP.17 ⁽³⁾ sem var tekin á ráðstefnu aðila að rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC), í því skyni að hrinda í framkvæmd notkun á leiðbeiningum milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006, er ákvarðað að frá og með árinu 2015, þar til frekari ákvörðun ráðstefnu aðila að rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar liggur fyrir, ætti hnatthlúnunarmáttur, sem aðilarnir nota til að reikna út koltvísyringsgildi losunar af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á öllum gróðurhúsalofttegundum, að vera eins og tilgreint er í III. viðauka við ákvörðun 15/CP.17.
- 3) Til þess að tryggja að viðeigandi löggjöf Sambandsins sé í samræmi við þá aðferðafræði sem notuð er í tengslum við ferli rammamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 601/2012 til samræmis við það.

- 4) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2003/87/EB ættu losunarheimildir, sem eru útgefnar frá og með 1. janúar 2013, að gilda fyrir losun á átta ára viðskiptatímabili sem hefst þann dag. Leiðrétting á fjölda losunarheimilda, sem á að gefa út frá og með 1. janúar 2013 skv. 1. mgr. 9. gr. a í þeirri tilskipun, er ákvörðuð með tilliti til hnatthlúnunarmáttar sem er tilgreindur í III. viðauka við ákvörðun 15/CP.17 sem var tekin á ráðstefnu aðila að rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Þar eð reglugerð (ESB) nr. 601/2012 gildir frá 1. janúar 2013 ætti þessi reglugerð einnig að gilda frá þeim degi til að tryggja samræmi milli allra gagna um losun gróðurhúsalofttegunda sem skýrsla er gefin um á öllu átta ára viðskiptatímabilinu.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 65, 5.3.2014, bls. 27. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2014 frá 10. apríl 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 frá 21. júní 2012 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 30).

⁽³⁾ FCCC/CP/2011/9/Viðb.2, bls. 23.

VIÐAUKI

Í stað töflu 6 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012 komi eftirfarandi:

„Tafla 6: Hnatthlúnunarmáttur

Loftegund	Hnatthlúnunarmáttur
N ₂ O	298 t CO _{2(e)} /t N ₂ O
CF ₄	7 390 t CO _{2(e)} /t CF ₄
C ₂ F ₆	12 200 t CO _{2(e)} /t C ₂ F ₆ “